

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Vaðnes – Birkibraut, Efri-Markarbraut, Kjarrbraut og Kjalbraut.
Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi sem felur í sér að byggingarefni verði frjáls innan deiliskipulagsins og þakhalli megi vera á bilinu 0-45°. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. desember 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Norðurkot – Farbraut 8 og 10.
Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi sem felur í sér sameiningu lóða númer 8 og 10. Breytingin er í samræmi við núverandi skráningu lóðarinnar í fasteignaskrá.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. desember 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. febrúar 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 1. mars 2022